

FRAMHALDSSKÓLASÝNINGAR VORIÐ 2024



MÁNUDAGINN 15. JANÚAR KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 16. JANÚAR KL. 13:40

BLACK SWAN

MÁNUDAGINN 22. JANÚAR KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 23. JANÚAR KL. 13:40

AMELIE

MÁNUDAGINN 29. JANÚAR KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 30. JANÚAR KL. 13:40

RAGING BULL

MÁNUDAGINN 5. FEBRÚAR KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 6. FEBRÚAR KL. 13:40

THE SHINING

MÁNUDAGINN 12. FEBRÚAR KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 13. FEBRÚAR KL. 13:40

REIÐHJÓLAÞJÓFARNIR

VETRARFRÍ

MÁNUDAGINN 26. FEBRÚAR KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 27. FEBRÚAR KL. 13:40

SEZEN

MÁNUDAGINN 4. MARS KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 5. MARS KL. 13:40

BUNUEL IN THE LABYRINTH OF THE TURTLES

MÁNUDAGINN 11. MARS KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 12. MARS KL. 13:40

MAN WITH A MOVIE CAMERA

MÁNUDAGINN 18. MARS KL. 14:15

ÞRIÐJUDAGINN 19. MARS KL. 13:40

ONE FLEW OVER THE CUCKOO'S NEST

MÁNUDAGINN 25. MARS KL. 14:15

NO COUNTRY FOR OLD MEN

MÁNUDAGINN 1. APRÍL KL. 14.15

PRINCESS MONONOKE

MÁNUDAGINN 8. APRÍL KL. 14:15

PORTRAIT OF A LADY OF FIRE



Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís <https://www.facebook.com/framhaldsskolasyningar>



BLACK SWAN



TEGUND OG ÁR: *Sálfræðitryllir, 2010*

FRAMLEIÐSLULAND: *Bandaríkin*

LENGD: *108 mín*

LEIKSTJÓRI: *Darren Aronofsky*

LEIKARAR: *Nathalie Portman, Vincent Cassel, Winona Ryder*

TUNGUMÁL: *Enska með íslenskum texta*

Svarti svanurinn segir frá dansaranum Ninu sem starfar í New York City dansflokknum. Hún býr hjá móður sinni, sem sjálf var dansari og er mjög metnaðargjörn fyrir hönd Ninu.

Nýtt ár er að hefjast hjá dansflokknum með hinum heimsfræga ballett Svanavatnið eftir Tchaikovsky. Nina vill fá aðalhlutverkið og dansa bæði hvíta og svarta svaninn, en gengur erfiðlega að túlka munúð og slægð svarta svansins. Annar dansari veitir henni jafnframt harða samkeppni.

Darren Aronofsky hóf feril sinn með myndinni Pi 1997 og vakti síðan mikla athygli fyrir næstu mynd sína, Requiem for a Dream árið 2000. Natalie Portman hlaut bæði Óskarsverðlaunin og Golden Globe-verðlaunin fyrir leik sinn í myndinni.

LE FABULEUX DESTIN D'AMELIE POULAIN/AMÉLIE



TEGUND OG ÁR: *Gamanmynd, drama, fantasia, 2001*

FRAMLEIÐSLULAND: *Frakkland*

LENGD: *122 mín*

LEIKSTJÓRI: *Jean-Pierre Jeunet*

LEIKARAR: *Audrey Tautou, Mathieu Kassovitz*

TUNGUMÁL: *Franska með enskum texta*

Amélie gerist í París og segir frá ungru konu sem starfar sem gengilbeina á kaffihúsi. Kvöld nokkurt þegar hún sér fréttir af láti Díönu prinsessu, finnur hún skrín í íbúð sinni sem tilheyrði fyrrum leigjanda. Amélie ákveður að blanda sér í líf annarra til að öðlast tilgang með lífinu.

Myndin um Amélie kom eins og hvirfilbylur inn í franskan kvikmyndaiðnað. Hún er með frægustu kvikmyndum Frakklands, var tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna og hlaut Evrópsku kvikmyndaverðlaunin, BAFTA- og César-verðlaunin. Hún er í senn listræn og markaðsvæn kvikmynd sem fer ekki oft saman. Í myndinni var notast við óvenjulega kvikmyndaöku og litapalettu sem hefur haft gríðarleg áhrif á aðrar kvikmyndir.

RAGING BULL



TEGUND OG ÁR: Drama byggt á sönnum atburðum

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin, 1980

LENGD: 129 mín

LEIKSTJÓRN: Martin Scorsese

LEIKARAR: Robert De Niro, Joe Pesci, Catherine Moriarty

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Myndin er byggð á ævi Jake LaMotta frá 1941-1946, en hann var frægur hnefaleikakappi og gekk undir nafninu „The Bronx Bull“. Scorsese hafði í fyrstu ekki áhuga á því að gera myndina vegna þess að hann hafði ekki áhuga á íþróttum en Robert De Niro fékk hann til þess.

Það var ekki fyrr en Scorsese veiktist eftir mikla eiturlyfjaneyslu að hann fór að skoða líf Jake LaMotta með það fyrir augum að gera kvikmynd um hann. Myndin er í svarthvítu, en Scorsese vildi ekki gera litmynd af mörgum ástæðum, m.a. til að greina hana frá mynd eins og Rocky og ná andrúmslofti fimmta áratugarins.

THE SHINING



TEGUND OG ÁR: *Hrollvekja, 1980*

FRAMLEIÐSLULAND: *Bandaríkin/Bretland*

LENGD: *143 mínútur*

LEIKSTJÓRI: *Stanley Kubrick*

LEIKARAR: *Jack Nickolson, Shelley Duvall, Scathman Crothers, Danny Lloyd*

TUNGUMÁL: *Enska með íslenskum texta*

Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu Stephen King og fjallar um Jack Torrance, fyrrverandi kennara og rithöfund sem ákveður að gerast húsvörður á hóteli yfir vetur. Hann ætlar að skrifa bók, sem honum hefur gengið illa með og ekki batnar það við komuna á hótelið. Sonur hans, Danny, hefur yfirmáttúrulega hæfileika sem kallast "Shining". Í ljós kemur að hótelið á sér óhugnanlega sögu og brátt fara dularfullir atburðir að gerast.

Kvikmyndir Stanley Kubrick hafa markað tímamót í kvikmyndasögunni, en á meðal þekktustu mynda hans eru Dr. Strangelove, 2001: A Space Odyssey og A Clockwork Orange.

REIÐHJÓLAÞJÓFARNIR/LADRI DI BICICLETTE



TEGUND OG ÁR: Drama, 1948

FRAMLEIÐSLULAND: Ítalía

LENGD: 89 mínútur

LEIKSTJÓRI: Vittorio De Sica

LEIKARAR: Lamberto Maggiorani, Enzo Staiola, Lianella Carell

TUNGUMÁL: Ítalska með enskum texta

Ein af frægustu kvikmyndum allra tíma, enn talin með bestu myndum sem hafa verið gerðar, byggir á einföldum söguþræði. Hún segir frá Antonio, atvinnulausum og fátækum manni í Róm eftirstríðsáranna. Hann fær vinnu við að hengja upp veggspjöld í borginni. Til þess að geta stundað vinnu sína verður hann sér úti um reiðhjól, en því er stolið. Antonio fer um borgina með syni sínum, Bruno, til að leita að þjófum og áhorfandinn kynnist ýmsum innviðum Rómar frá þessu tímabili. Hugljúf og spennandi mynd sem er undir sterkum áhrifum frá Krakkanum eftir Chaplin og dregur upp einstaka mynd af Róm.

Götumyndirnar vöktu heimsathygli á sínum tíma og allir leikarar voru ólærðir í þágu raunsæis, en sýna stórkostlegan leik. Myndin er ádeila á fátækt, atvinnuleysi og erfiðleika lífsins sem eiga enn við í dag.

SE7EN



TEGUND OG ÁR: Drama, tryllir, 1995

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LENGD: 127 mínútur

LEIKSTJÓRI: David Fincher

LEIKARAR: Morgan Freeman, Brad Pitt, Gwyneth Paltrow

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Seven fjallar um tvo rannsóknarlögreglumenn, þá Somerset (Morgan Freeman) og Mills (Brad Pitt) sem leita að raðmorðingja sem fremur morð í anda dauðasyndanna sjö. Myndin gerist á sjö dögum, sem eru fyrstu sjö dagar Mills í nýju starfi og sjö síðustu dagar Somerset áður en hann sest í helgan stein.

Áhrif Se7en voru mjög víðtæk og eru virk enn í dag. Meðal kvikmynda sem eru undir áhrifum af Se7en eru til dæmis Saw-myndirnar og myndir undir áhrifum af þeim og Gotham-borgin í þrileik Christopher Nolan um Dark Knight, Batman (22), Resident Evil og Final Destination.

Myndin var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir bestu klippingu og til BAFTA-verðlaunanna fyrir besta handrit.

BUNUEL IN THE LABYRINTH OF THE TURTLES/BUNUEL Í VÖLUNDARHÚSI SKJALDBAKANNA



TEGUND OG ÁR: Teiknimynd, sannsögulegt, 2018

FRAMLEIÐSLULAND: Spánn

LENGD: 77 mínútur

LEIKSTJÓRI: Salvador Simó

LEIKARAR: Jorge Usón, Fernando Ramos, Luis Enrique de Tomás

TUNGUMÁL: Spænska og franska með enskum texta

Myndin hefst í París árið 1930. Salvador Dalí og Luis Buñuel gera saman súrrealíska kvikmynd sem gengur illa og skilar engum peningum. Buñuel ætlar sér að gera heimildamynd um fátækasta hérað Spánar, Las Hurdes, en verður að setja það á hilluna. Vinur hans, Ramón Acín, kaupir lottómiða og lofar því að ef hann vinni, muni hann fjármagna myndina. Öllum að óvörum vinnur hann svo þeir leggja af stað til Las Hurdes til að gera mynd, sem varð ein af merkilegustu og óvenjulegustu heimildamyndum allra tíma. Myndin var framlag Spánverja til Óskarsverðlaunanna 2019 og hlaut Evrópsku kvikmyndaverðlaunin sama ár.

Luis Buñuel var frægur spænskur kvikmyndagerðarmaður, og af mörgum talinn einhver mikilvægasti leikstjóri kvikmyndasögunnar. Hann starfaði aðallega í Frakklandi og Mexíkó en einnig í heimalandi sínu og Bandaríkjunum. Hann var súrrealisti og hefur haft gífurleg áhrif á kvikmyndagerð.

ONE FLEW OVER THE CUCKOO'S NEST



TEGUND OG ÁR: Drama, 1975

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LENGD: 133 mínútur

LEIKSTJÓRI: Milos Forman

LEIKARAR: Jack Nicholson, Danny DeVito, Louise Fletcher


TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Milos Forman var einn af forsprökkum tékknesku nýbylgjunnar en settist að í Bandaríkjunum til að gera kvikmyndir. Hann er einna þekktastur fyrir Amadeus, Hair og Gaukshreiðrið.

Gaukshreiðrið gerist á stofnun fyrir geðsjúka og segir frá smákrimma að nafni McMurphy sem læst verða geðveikur til að losna við vinnu í fangelsinu. Allar daglegar venjur á geðsjúkrahúsinu eru gríðarlega fastar í skorðum þar sem yfirhjúkrunarkonan Ratched er með óskorað vald. McMurphey reynir að breyta ýmsum reglum til að gera sjúklingana virkari og glaðari, en fær Ratched upp á móti sér.

Myndin vakti mikla athygli fyrir að beina sjónum almennings að aðbúnaði geðsjúkra á þessum tíma og hlaut fimm Óskarsverðlaun, en Jack Nicholson og Louise Fletcher hlutu bæði Óskarsverðlaun fyrir besta leik í aðalhlutverki.

MAN WITH A MOVIE CAMERA



TEGUND OG ÁR: Heimildamynd, 1929

FRAMLEIÐSLULAND: Sovétríkin

LENGD: 68 mín

LEIKSTJÓRN: Dziga Vertov

TUNGUMÁL: Þögn með tónlist

Man With A Movie Camera er tilraunakennd sovísk heimildamynd sem sýnir borgarlíf sovískra borgara frá dögum til sólarlags. Hún á að gerast í einni borg en var tekin í borgunum Kiev, Kharkov, Moskvu og Odessa.

Dziga Vertov var kvikmyndafræðingur og brautryðjandi í heimildamyndagerð seint á þriðja áratugnum. Hann tilheyrði hreyfingu kvikmyndagerðarmanna sem notaði kino-eye tæknina. Myndin er með frægustu heimildamyndum sem hafa verið gerðar.

NO COUNTRY FOR OLD MEN



TEGUND OG ÁR: Vestri, nýrökkurmynd, 2007

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LENGD: 122 mín

LEIKSTJÓRI: Joel og Ethan Coen

LEIKARAR: Josh Brolin, Tommy Lee Jones, Javier Bardem

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

No Country for Old men er byggð á samnefndri skáldsögu Cormac McCarthy. Myndin segir frá veiðimanninum Llewellen Moss, sem finnur háa fjárhæð í reiðufé, eiturlyf og lík skammt frá Rio Grande. Í stað þess að láta lögregluna fá peningana, ákveður hann að halda þeim fyrir sjálfan sig. Þá kemur til skjalanna leigumorðinginn Chigurh (Javier Bardem) Þriðja sögupersónan er fógetinn EdTom Bell (Tommy Lee Jones) sem er yfir rannsókn málsins. Myndin hlaut Óskarsverðlaunin, Baftaverðlaunin og tvö Golden Globe verðlaun.

Coen-bræður halda uppi hefð höfundarleikstjóra í Bandaríkjunum og kanna meðal annars menningarheima minnihlutahópa og kynþátta. Þeir nota augnablik úr bandarískri menningu á ýmsum tímum og persónurnar nota sérstaka mállýsku sem var notuð á þeim tímum, auk þess sem þeir bræður brjóta upp staðalímyndir tegunda mynda, þar á meðal í No Country for Old Men.

PRINCESS MONONOKE/MONONOKE PRINSESSA



TEGUND OG ÁR: Ævintýri, teiknimynd, 1997

FRAMLEIÐSLULAND: JAPAN

LENGD: 134 mínútur

LEIKSTJÓRI: Hayao Miyazaki

AÐALHLUTVERK: Billy Crudup, Billy Bob Thornton, Minnie Driver

TUNGUMÁL: Japanska með íslenskum texta

Ungur hugaður stríðsmaður að nafni Ashitaka, fær á sig bölvun þegar hann er að reyna að vernda þorpið sitt fyrir brjálaðri skepnu. Til að bjarga lífi sínu þarf hann að fara í frumskógana fyrir vestan. Þegar hann er kominn þangað þá dregst hann inn í ofsafengna baráttu sem mennirnir áttu í við skóginn.

Hin metnaðarfulla Lady Eboshi og skósveinar hennar, nota byssur á móti guðum skógarins og hugaða unga stúlku, Princess Mononoke, sem var alin upp af úlfaguð. Ashitaka sér hið góða í báðum fylkingum, og reynir að stöðva blóðbaðið. Því er tekið af úlfúð af báðum fylkingum, sem báðar vantreysta Ashitaka.

Myndin er eftir einn fremsta teiknimyndahöfund í heimi, Hayao Miyazaki, sem gerði hina frægu "Spirited Away". Hún hefur fengið fjölda verðskuldaðra verðlauna og viðurkenninga og er í senn ævintýri sem gerist á framandi slóðum og listaverk.

PORTRAIT OF THE LADY ON FIRE



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd, drama, 2019*

LENGD: *119 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Frakkland*

LEIKSTJÓRI: *Céline Sciamma*

LEIKARAR: *Noémie Merland, Adèle Haenel, Luàna Bajrami*

TUNGUMÁL: *Franska með íslenskum texta*

Hin unga listakona Marianne er ráðin í verkefni að mála portrett af Héloïse, tilvonandi brúði ríkrar fjölskyldu, sem hefur ítrekað neitað að sitja fyrir því hún neitar að giftast manningum sem til stendur að binda hana við. Marianne dulbýr sig sem vinnukonu til að ávinna sér traust hennar en ekki líður á löngu þar til hún verður ástfangin af fyrirsætunni.

Myndin keppti um Gullpálmann á kvikmyndahátíðinni Cannes 2019 þar sem hún hreppti Queer Palm verðlaunin en um er að ræða fyrstu kvikmyndina sem leikstýrð er af konu sem hlýtur þau verðlaun. Einnig hlaut Celine Sciamma verðlaun fyrir besta handritið á hátíðinni.

Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís

<https://www.facebook.com/framhaldsskolasyningar>

